

Nd. 569. Frumvarp til laga [189. mál]

um kaup ríkissjóðs á hlutabréfum Áburðarverksmiðjunnar h/f, sem eru í einkaeign.

Frá meiri hl. landbúnaðarnefndar.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að kaupa fyrir hönd ríkissjóðs hlutabréf, sem eru í einkaeign í Áburðarverksmiðjunni h/f, á allt að fimmföldu nafnverði hlutabréfanna. Heimilt er ríkisstjórninni að taka lán í þessu skyni.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Hvað eftir annað hafa komið fram á Alþingi raddir um, að breyta þurfi lögum um Áburðarverksmiðju ríkisins h/f, og mörg frv. flutt um það efni. Á þessu þingi hafa tvö frv. verið flutt, annað af Alþýðubandalagsmönnum, hitt af framsóknarmönnum.

Veturinn 1965—66 höfðu landbúnaðarnefndir þingsins í höndum frv., er landbúnaðarráðherra hafði látið semja og sendi þeim til athugunar.

Við umræðu í Nd. Alþingis fyrir nokkru óskaði landbúnaðarráðherra eftir, að landbúnaðarnefnd deildarinnar tæki málið til vandlegrar athugunar, svo fljótt sem við yrði komið, og freistaði þess að ná samstöðu í nefndinni um flutning frv., er gengi í þá átt að gera verksmiðjuna að hreinni ríkisverksmiðju.

Þær viðræður hafa leitt til þess, að meiri hluti landbúnaðarnefndar flytur frv. þetta um heimild til handa ríkisstj. að kaupa hlutabréf þau, sem eru í einkaeign í Áburðarverksmiðjunni h/f, við allt að fimmföldu nafnverði.